

Skólasel Nesskóla

Nemendur 1. – 4. bekkjar skólans eiga þess kost að koma á Skóladaheimilið að loknum skóla og dvelja fram eftir degi. Þannig getur lengsta dvöl þar orðið frá 13:00 - 16:30. Margir krakkar nýta sér þessa þjónustu og eru á Skóladagheimilinu í góðu yfirlæti við leiki og störf. Fastir starfsmenn eru þrír, þau Srdjan Rajkovic, María Fe Naneth Pálsson og Bergþóra Aradóttir. Hér að neðan má sjá vikuáætlunina, en þess ber að geta að um viðmiðunarstundatöflu er að ræða. Halldóra Hákonardóttir sér um heimanám.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:00 - 14:00	Útivera	Útivera/ heimanám	Útivera	Útivera/ heimanám	Útivera
14:00 - 14:20	Síðdegis- hressing*	Síðdegis- hressing	Síðdegis- hressing	Síðdegis- hressing	Síðdegis- hressing*
14:20 - 15:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
15:00 – 16:00	Val	Val	Val	Val	Val

*Á mánudögum og föstudögum er síðdegishressing hjá þeim sem æfa fótbolta kl. 13:45

Í útiveru er gæsla á lóð í höndum starfsmanns skólans. Á meðan nemendur dvelja í seli er boðið upp á að senda nemendur í þær tólmstundir sem eru í boði fyrir þau á þeim tíma. Foreldrar verða að tilkynna starfmönnum í seli ef þau eiga að fara í þær tólmstundir. Ef nemendur vilja ekki fara í þá tíma tilkynnir forstöðumaður foreldrum það og taka foreldrar þá ákvörðun um hvort þau fari og tilkynna það til starfsmanna.

Reglur fyrir skóladagheimilin í Fjarðabyggð.

- ✚ Að öllu jöfnu er boðið upp á vistun frá kl. 12.00- 16.30 fyrir börn í 1. – 4. bekk.
- ✚ Hvert skóladagheimili setur sér umgengnisreglur. Brjóti barn reglurnar ítrekað hefur forstöðumaður samband við heimili barnsins og vinnur ásamt foreldrum barnsins að lausn málsins. Beri það ekki árangur er forstöðumanni heimilt í samráði við skólastjórnendur að meina barninu um vistun.
- ✚ Foreldrar og/eða forráðamenn barna með sérþarfir sem þurfa aukna gæslu að mati skólayfirvalda, félagsmálayfirvalda eða svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, geta sótt um slíka gæslu til fyrrgreindra aðila sem síðan útvega skóladagheimilunum þann liðsauka sem þörf er á.
- ✚ Vistunartími skal vera hinn sami innan hvers mánaðar.

- + Skólastjórar geta einnig skilyrt vistun á skólادagheimili, t.d. að barn sé þar alla virka daga vikunnar og að vistun sé að lágmarki 2-3 tímar á hverjum degi.
- + Breytingar þarf að tilkynna forstöðumanni í tíma og ekki síðar en 20. hvers mánaðar.
- + Breytingar taka gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar á eftir.
- + Skólادagheimilin starfa ekki á starfsdögum kennara og opnun fylgir nemendadögum eftir að starfsemi er hafin.
- + Einn starfsmaður skal vera á hver 15 börn.
- + Skipting tíma á skólادagheimilinu er valkvæð á milli skóla en þeir þættir sem helst er horft til eru:
 - Hádegismatur.
 - Aðstoð við heimanám undir stjórn starfsfólks.
 - Útileikir undir stjórn starfsmanna.
 - Frjalsir inni- og útileikir.
- + Gjald fyrir vistun og fæði á skólادagheimili í Fjarðabyggð er ákvarðað af bæjarstjórn samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.